



Lesfimi C1

Skráningarblað

Nemandi _____

Bekkur _____

Skóli _____

Villur

Villur eru skráðar með því að draga hring utan um hakið fyrir neðan orðið sem lesið var rangt.

Lesinn orðafjöldi

Orðafjöldi er fundinn með því að finna samsvarandi tölu hægra megin í línunni. Skrá skal þann fjölda í viðeigandi reit hér að neðan.

Fjöldi villna _____

Lesinn orðafjöldi _____

Lauk við texta innan tímamarka?

Nei Já

Ef já, tími (sek.) _____

Rúnar og Sara eiga kanínur.	1 2 3 4 5
Stundum sleppa þær út úr búrinu sínu.	6 7 8 9 10 11 12
Þá þurfa krakkarnir að hlaupa hratt til að ná þeim.	13 14 15 16 17 18 19 20 21 22
Hvaða kanína heldur þú að hlaupi hraðast? spyr Rúnar	23 24 25 26 27 28 29 30 31
Sara veit það ekki en stingur upp á að láta þær	32 33 34 35 36 37 38 39 40 41 42
keppa sín á milli til að komast að því.	43 44 45 46 47 48 49 50 51
Þetta finnst Rúnari góð hugmynd.	52 53 54 55 56
Þau búa til hlaupa-braut og setja kanínurnar í kassa við	57 58 59 60 61 62 63 64 65 66
enda brautarinnar. Þegar þau opna kassann flykkjast kanínurnar	67 68 69 70 71 72 73 74
út og taka á rás hver í sína áttina.	75 76 77 78 79 80 81 82 83
Þetta gengur ekki, segir Sara. Henni dettur snjallræði í hug.	84 85 86 87 88 89 90 91 92 93
Hún málar stóran hring á grasflötina	94 95 96 97 98 99
Nú gerir ekkert til þótt kanínurnar hlaupi í allar áttir,	100 101 102 103 104 105 106 107 108 109
því sú sem verður fyrst út fyrir hringinn vinnur kapphlaupið.	110 111 112 113 114 115 116 117 118 119
Rúnar dáist að hugviti vinkonu sinnar og bíður spenntur eftir hlaupinu.	120 121 122 123 124 125 126 127 128 129 130
En um leið og Sara ætlar að setja kassann inn í miðjan hringinn kemur	131 132 133 134 135 136 137 138 139 140 141 142 143 144
stór hundur í áttina til þeirra. Henni bregður svo mikið að hún missir.	145 146 147 148 149 150 151 152 153 154 155 156 157
kassann og kanínurnar stökkva út. Hundurinn æsist allur þegar hann.	158 159 160 161 162 163 164 165 166 167
sér kanínurnar, geltir hátt og fer að elta þær eina af annari.	168 169 170 171 172 173 174 175 176 177 178 179
Þá kemur eigandi hundsins og kallar á hann. Hann segir að Kátur sé	180 182 183 184 185 186 187 188 189 190 191 192
ósköp góður hundur en það sé mikill galsi í honum.	193 194 195 196 197 198 199 200 201 202
Kátur ýlfrar aumlega og sleikir höndina á Söru eins og hann vilji	203 204 205 206 207 208 209 210 211 212 213 214
biðja hana fyrirgefningar. Eigandinn fer með Kát og lokar hann inni í	215 216 217 218 219 220 221 222 223 224 225 226
bílnum sínum. Hann kemur aftur til að hjálpa börnunum að finna	227 228 229 230 231 232 233 234 235 236 237
kanínurnar. Brátt eru allar kanínurnar komnar í leitirnar og Rúnar og	238 239 240 241 242 243 244 245 246 247 248
Sara taka gleði sína á ný	249 250 251 252 253 254